


2. hæð




3. hæð




Kjallari




1. hæð




## Skýringar

Húsið er á þremur hæðum, auk kjallara. Útveggir, gólf- og loftaplötur eru steinsteyptar og húsið er einangrað að innan og múrhúðað að utan og innan. Húsið er byggt árið 1978. Húsið er einn matshluti, staðgreinir er 6400-1-27931000 og landnúmer er 151468.

### Eftirfarandi breytingar eru gerðar á innra fyrirkomulagi hússins:

### Breytingar í kjallara:

1. Eignarskilum lyftustokks og lyftustýringar breytt í sameign allra úr hluta séreignar Dalvíkurbyggðar 00 01.
2. Séreignargeymslu 00 03 breytt í séreign Dalvíkurbyggðar, frá því að vera séreign Sparisjóðs.
3. Loftræsirými 00 07 breytt í sameign allra, frá því að vera séreign Dalvíkurbyggðar.

### Breytingar á 1. hæð:

1. Eignaskilum lyftustokks sem er inní séreign Dalvíkurbyggðar 01 01, breytt í sameign allra.
2. Eignaskil á milli séreignahlutanna 01 02 og 01 03 felld niður og þeir gerðir að einum eignarhlut.
3. Loftræsistokki 01 04 breytt í sameign allra, frá því að vera séreign Dalvíkurbyggðar.

### Breytingar á 2. hæð:

1. Eignaskilum lyftustokks sem er inní séreign Dalvíkurbyggðar 02 01, breytt í sameign allra.
2. Eignaskil á milli séreignahlutanna 02 01 og 02 02 sem eru í eigu Dalvíkurbyggðar, felld niður og gerðir að einum eignarhlut.
3. Dalvíkurbyggð kaupir eignarhlut Einingar-Iðju 02 03. Séreignarhlutur Dalvíkurbyggðar eykst um 108.05m²- sem er séreignarhlutur og um 28.50m² sem er 67.22% af Y1 sameign sumra. Auk þess er séreignargeymsla í kjallara 14.55m². Samtals eykst séreign Dalvíkurbyggðar um 151.10m².

### Breytingar á 3. hæð:

1. Eignaskil sameignahlutarins 03 03 eru felld niður og hluturinn sameinaður 03 02.
2. Innra skipulagi eignarhluta Dalvíkurbyggðar 03 01 er breytt þannig að útbúin eru tvö ný fundarherbergi með forrými.

### Starfsemi:

Í húsinu er þjónustustarfsemi af ýmsu tagi auk ,sveitarstjórnarskrifstofa Dalvíkurbyggðar. Á skrifstofunum eru læstar skúffur fyrir persónulega muni og fatahengi fyrir starfsfólk.

### Aðgengi fyrir fatlaða:

Engir þröskuldar er hærri en 15mm. Öll ný hurðarblöð skulu vera að lágmarki 90sm breið. Lyfta sem uppfyllir kröfur um aðgengi fatlaðra er á milli allra hæða í húsinu.

### Innveggir:

Nýir innveggir eru byggðir upp með blikkstoðum, fulleinangraðir með þéttull og klæddir af með tvöfölldum gifsplötum beggja vegna og skulu uppfylla kröfur um klæðningar í brunaflokki 1. Hljóðkröfur skulu vera skv. byggingarreglugerð.

### Innihurðir:

Allar innihurðir eru úr timbri og skulu öll ný hurðarblöð skulu vera að lágmarki 90sm breið. Hljóðkröfur skulu vera skv. byggingarreglugerð.

### Gólf og loft:

Gólfefni á skrifstofum og snyrtingum eru af ýmsu tagi, en flísar á göngum og stigahúsi.
Hljóðdempa skal öll vinnurými með hljóðísogsplötum í flokki 1 og sem uppfylla kröfur byggingareglugerðar um hljóðísog.

### Upphitun:

Upphitun hússins er með vatnsofnum.

### Vottanir:

Eingöngu er heimilt að nota byggingarvörur sem hlotið hafa staðfestingu tilnefnds aðila á samræmi eða eru CE-merktar, samanber kafla VIII í mannvirkjalögum.

### Burðarvirki:

Burðarvirki eru steinsteypt.

### Gluggar:

Gluggar og svalahurðir eru hefðbundnir úr timbri með tvöföldu einangrunargleri. Útihurðir í aðalanddyri á 1. hæð eru úr áli.

### Loftræsing:

Í húsinu er vélræn loftræsing í öllum gluggalausum rýmum.

### Útljós og neyðarlýsing:

Skv. ÍST En 1838 og ÍST En 50172 (6 og 7).

### Brunaviðvörunarkerfi:

Í öllu húsinu er brunaviðvörunarkerfi skv. reglum Mannvirkjastofnunar og ÍST EN 54. Stjórnstöð kerfisins er aðalanddyri í 1. hæð.

### Handslökkvibúnaður:

Brunaslöngur eru skv. teikningu og handslökkvitæki skulu staðsett í samráði við slökkvilið Dalvíkurbyggðar.

## Aðalhönnuður hússins er Karl Erik Rocksén arkitekt.

# RÁÐHÚS GOÐABRAUT DALVÍK

verk:

teikn. ÁH

1:200 Í A2

efni: Grunnmynd kjallara, 1., 2. og 3. hæðar.

dags: 15.11.2011 a: 29.02.2012 b: 21.03.2013 c: 17.09.2013 d: 06.12.2013

nr: 100


form

Ágúst Hafsteinsson kt: 220361-4979 arkitekt FAÍ

Árni Árnason kt: 140153-3629 innanhússarkitekt FHÍ

form ráðgjöf ehf. kt: 611206-0460 Kaupangi v/Mýrarvegi 600 Akureyri sími: 462 6099 gsm: 891 7970 - form@nett.is